

hvíl-a *so. vb.-i – heyra*
[-di]

– þú verður að hvíla þig

‡ • hvíld

kjósa *so. sb.-2 – bjóða*
[kaus, kusum, kosið]

– ætlið þið ekki að kjósa?

‡ • kosning, kostur

renn-a *so. vb.-i – heyra*
[-di]

– hann renndi upp úlpunni
– ég renndi í flýti yfir textann

‡ • renna (so stb) » streyma

treyst-a *so. vb.-i – heyra*
[-i]

– ég treysti honum ekki

‡ • traustur

þorp *hk. – hús*
[-s, -]

– hún kemur frá litlu þorpi

‡

birt-a *kvk. et. – stofa*
[-u]

– þetta er ekki næg birta

‡ birta/birti • birta (so) » ljós (no)

háskól-i *kk. – tími*
[-a, -ar]

– ert þú í háskóla?

‡ • hár (lo), skóli

pilt-ur *kk. – hestur*
[-s, -ar]

– þetta er myndarlegur piltur

‡ piltr » strákur, drengur

meðfram *fs./ao. – þgf.*

– þau gengu meðfram ánni

‡ • með, fram; framhjá, áfram

kring *ao.*

– hundarnir hlupu í kringum húsið

‡ • kringum, kringlóttur

áhersl-a *kvk. – stofa*
[-u, -ur]

– í íslensku er alltaf áhersla á
fyrsta atkvæði

‡

starfs-maður *kk. – maður*
[-manns, -menn]

– við erum með 30 (þrjátíu)
starfsmenn

‡ starfsmaðr • starf, maður, starfa, starfsemi,
starfsfólk

frek-ur *lo. – gular*
[-, -t; -ari, -astur]

– mikið er þetta frekt barn!

‡ • frekar

lokað-ur *lo. – gular Ö*
[lokuð, -; -ri, -astur]

– safnið er lokað í dag

‡ lokaðr • loka; ljúka, lokinn, lok, loks(ins) «
opinn

fyrst *ao. hst./st.*

– fyrst kemur A, svo kemur B

‡ • snemma, fyrr; fyrstur, fyrri, fyrrverandi; fyrir,
fyrirgefa, fyrirmynd, fyrirtæki

almenn-ur *lo. – gular*
[-, -t (ao.); -ari, -astur]

– þetta er almennt þekkt
vandamál

‡ almennr • maður